

## Sp. 55. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um íslenska iðnkynningu.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Páll Pétursson,  
Guðmundur G. Þórarinnsson, Stefán Guðmundsson, Níels Á. Lund.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við samtök iðnaðarins og neytenda að hrinda af stað kynningu á íslenskum iðnaði, er hafi það að markmiði:

- a) að stuðla að aukinni sölu á framleiðslu og þjónustu íslensks iðnaðar,
- b) að skapa jákvæðari afstöðu almennings til íslensks iðnaðar,
- c) að bæta aðstöðu íslensks iðnaðar.

### Greinargerð.

Iðnaður er samheiti á mjög margvíslegri og ólíkri starfsemi. Hér á landi er algengt að skipta iðnaðinum í þrjá höfuðflokka, þ. e. framleiðsluiðnað, þjónustuiðnað og byggingariðnað. (Fiskiðnaður er að sjálfsögðu framleiðsluiðnaður, en hér á landi er fiskiðnaður samkv. gamalli hefð flokkaður með sjávarútvegi).

Einkennum íslensks iðnaðar má í stuttu máli lýsa þannig, að sé litið á landið sjálft sem afmarkaða heild er um að ræða mjög smáan markað og smáar framleiðslueiningar, enda landsmenn fáir og fjarlægðir á aðra markaði miklar. Annað einkenni iðnaðarins stafar af hráefnafátækt landsins. Innlend hráefni til iðnaðar eru flest tengd sjávarútvegi og landbúnaði. Hræfni þessi hafa verið og eru enn aðeins nýtt að hluta til iðnaðarvöruframleiðslu. Segja má að frá stríðslokum og fram til 1960 hafi iðnaðurinn búið annars vegar við tollvernd og innflutningshöft, en hins vegar við ranga gengisskráningu íslensku krónunnar, þannig að útflutningur var lítt fýsilegur. Lengst af byggðist því íslenskur iðnaður nær eingöngu á framleiðslu fyrir innanlandsmarkað úr innfluttum hráefnum.

Í kjölfar inngöngu Íslands í EFTA 1970 og samninganna við EBE breyttust allar aðstæður íslensks iðnaðar. Iðnaðurinn og íslensk stjórnvöld höfðu þá 10 ár til að aðlagast þeim breyttu aðstæðum, kostum þeim og göllum sem fylgja því að landið varð hluti af hinu stóra markaðskerfi Evrópu.

Íslensk fyrirtæki, bæði í framleiðslu- og þjónustuiðnaði, hafa sýnt aðlögunarhæfni og styrk í vaxandi samkeppni við erlenda aðila. Það er hins vegar ljóst, að á mörgum sviðum fer iðnaðurinn halloka í samkeppninni.

Sé litið á sundurgreiningu á vergri þjóðarframleiðslu árið 1978 (tekjuvirði) kemur í ljós að iðnaðurinn skilar u. þ. b. 35% þjóðarframleiðslunnar.

Hvað varðar útflutning eru u. þ. b. 22% af heildarútflutningi iðnaðarvöru. Hluttur iðnaðarins er um 16% í heildargjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Talið er að árið 1979 hafi verið rétt um 100 þús. ársstörf hér á landi. Við iðnað störfuðu þá rúmlega 38 þús. manns (þ. e. við framleiðsluiðnað, þjónustuiðnað, byggingariðnað og fiskiðnað), eða um 38% allra starfandi manna. Að fiskiðnaði slepptum starfa u. þ. b. 30 þús. eða 30% starfandi manna við iðnað.

Auðvelt er að gera sér grein fyrir því, hve atvinnutækifærum þarf að fjölga hér á landi, t. d. næstu tvo áratugin. Ástæðan er sú, að fólk er fætt. Gera má ráð fyrir að ný atvinnutækifæri verði að skapa fyrir a. m. k. 25—27 þús. manns fram að næstu aldamótum.

Ekki er líklegt að sjávarútvegur og landbúnaður taki við stórum hluta þeirra sem koma á vinnurmarkaðinn. Takmörk þessara greina eru þekkt og þó að framleiðsla þeirra eigi eftir að aukast má gera ráð fyrir nokkurri framleiðniaukningu sem dragi úr mannaflapörf þeirra.

Þá hljóta möguleikarnir til að veita öllu þessu fólki vinnu í þjónustugreinum að vera takmarkaðir þar sem undirstöðurnar þola ekki nema vissa yfirbyggingu. Því verður að renna fleiri stöðum undir atvinnulífið í landinu. Iðnaðurinn hefur þar ríkjum skyldum að gegna.

Til að iðnaðurinn geti tekist á við þetta mikilvæga hlutverk sitt er nauðsynlegt að styrkja samkeppnisaðstöðu hans og gera honum fært að auka framleiðni sína og nýsköpun og um leið þjóðartekjur, þannig að hann geti veitt þeim, sem koma á vinnumarkaðinn, vinnu við arðbær störf og jafnframt komið meira jafnvægi á þjóðarbúskap landsmanna og aukið velferð þjóðarinnar.

Flutningsmenn álíta að ein leið til að auðvelda iðnaðinum að takast á við þetta verkefni sé umfangsmikil kynning á íslenskum iðnaði, framleiðslu hans og þjónustu.